

fjordur.is fjordur

Konukvöld

Fimmtudaginn, 2. maí

HAPPDRÆTTI

Léttar veitingar & vörukynningar

LUKKUHJÓL

FJÖRÐUR

blush

Oftar en ekki opið

Búðakór Opið alla daga frá 08-24:00 Hófgerði Opið: Virka daga 8-23:30, helgar 9-23:30.

Krambúðin

KÓPAVOGS

- PÓSTURINN -

12. tbl. 30. árg. Fimmtudagur 2. maí 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS

KOMINNTÍMA SKOÐUN?

Verið velkomin með bílinn í skoðun á Dalveg 22

Frumherji

Lyfjaval

HEILSA & HÁMINGJA

24/7 OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals Hæðasmára

FASTEIGNASALAN

TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR

Sigurður Gunnlaugsson
löggitur fasteignasali
Sími 898 6106

errea

Bæjarlind 14-16
www.errea.is

MEKÓ

MENNING
Í KÓPAVOGI

Opnað fyrir tilboð í lóðir

Sex lóðum fyrir fjölbýlishús úthlutað í fyrsta áfanga úthlutunar í Vatnsendahvarfi

Opnað var fyrir tilboð í lóðir sl. þriðjudag í fyrsta áfanga úthlutunar í Vatnsendahvarfi, sem er nýjasta hverfið í Kópavogi. Í þessum fyrsta áfanga verður úthlutað sex lóðum fyrir fjölbýlishús, en í hverfinu er gert ráð fyrir 500 íbúðum í fjölbýli, par- og raðhús auk einbýli. Stefnt er að því að úthluta öllum lóðum á árinu í áföngum.

„Það er gríðarlega spennandi að fá nýtt hverfi í Kópavoginn og við finnum að það er mikill áhugi, enda góð staðsetning á frábærum útsýnisstað í nálægð við mikla náttúrufegurð. Áhersla er lögð á fallega og umhverfisvæna byggð í Vatnsendahvarfi með góðum samgöngutengingum fyrir alla ferðamáta. Þá munu íbúar njóta góðs af þeirri þjónustu sem fyrir er í nærumhverfinu auk þess sem reistur verður leikskóli og grunnskóli fyrir 1. til 4. bekk í þessu nýja hverfi.“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs.

Byggð í Vatnsendahvarfi mun falla vel að nærliggjandi svæðum og gróður og náttúra fléttast inn í opin svæði hverfisins. Áhersla verður lögð á góðar samgöngutengingar fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur. Hverfið stendur á Vatnsendahæð og afmarkast af Álfkonuhvarfi, Turnahvarfi, Kleifakór og Arnarnesvegi. Opið er fyrir tilboð í lóðir í fyrsta áfanga til 21.maí.

Mynd/Nordic Office of Architecture

12kr.

AFSLÁTTUR
MEÐ ORKULYKLI

Afsláttur gildir ekki á völdum stöðvum þar sem lægsta verð Orkunnar er í gildi. Kynntu þér staðsetningarnar á Orkan.is
Þar gildir okkar lægsta verð, alltaf.

orkan.is

HAFÍÐ
FISKVERSLUN

- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

Nettó Engihjalla

Opið alla daga 8-24

nettó

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

SHELGASON HÚSGAGNA HÖLLIN brautir & gluggatjöld

BETRA BAK DORMA Flúgger litir

Parki VÍDD HÚSAMÍDJAN

LIND FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum boröplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Vorhreinsun hafin

Vorhreinsun í Kópavogi er hafin en settir hafa verið upp opnir gámar fyrir garðaúrgang á fimm stöðum í Kópavogi sem verða aðgengilegir 30. apríl til 19. maí.

Gámarnir verða á eftirfarandi stöðum.

Kársnes, við Vesturvör 14
Digranes, við íþróttahúsið Digranesi
Smára- og Lindahverfi, neðst á
Glaðheimasvæðinu, Álalind 2
Sala- og Kórahverfi, við Salalaug á
bílastæði
Þinga- og Hvarfahverfi, á bílastæði við
Vallakór 8

Einungis fyrir garðaúrgang

Gámarnir eru einungis fyrir garðaúrgang og óheimilt að setja annað í gámana. Byggingaúrgangi, almennur úrgangi, spilliefnum, málmum, gleri og öðru sem tilfellur skal skilað í endurvinnslustöðvar Sorpu.



Athugið að ekki verður farið í götur bæjarins til að hirða garðaúrgang.

Garðaúrgangur sem skilinn er við lóðarmörk hefur minnkað mjög mikið eftir að byrjað var að koma fyrir gámum í hverfum. Tími sem gámarnir standa hefur verið lengdur en þeir eru tæmdir reglulega.

Garðyrkjustjóri Kópavogs fær heiðursverðlaun

Friðrik Baldursson, garðyrkjufræðingur og garðyrkjustjóri Kópavogs, fékk heiðursverðlaun garðyrkunnar árið 2024 sem veitt voru við hátíðlega viðhöfn í Garðyrkuskólanum sumardaginn fyrsta.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti Friðrik verðlaunin sem veitt eru ár hvert til einstaklinga sem skarað hafa fram úr á sviði garðyrkju að mati atvinnulífs garðyrkunnar og Garðyrkuskólans.

Garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar frá 1993

Friðrik hefur verið garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar frá árinu 1993 en gegndi áður starfi garðyrkjufulltrúa. Friðrik er fæddur og uppalinn Kópavogsbúi sem gert hefur það að sínu ævistarfi að „fegra og rækta Kópavog,“ eins og það var orðað í ávarpi forseta.

Friðrik nam skrudgarðyrkju hjá þáverandi garðyrkjufulltrúa Kópavogsbæjar, Kristjáni Inga Gunnarssyni, og tók við af honum 1985. Árið 1993 tók hann við stöðu garðyrkjustjóra Kópavogsbæjar af Einari E. Sæmundsen og hefur sinnt því starfi síðan. Friðrik útskrifaðist sem garðyrkjufræðingur vorið 1984 og hlaut meistara-réttindi í skrudgarðyrkju árið 1988 hjá Hermanni Lundholm. Hann lauk síðan diplómanámi í skrudgarðyrkju frá Garðyrkuskólanum 2005, en þar var hann í um 20 ára skeið fulltrúi í fagnefnd skrudgarðyrkju frá árinu 1998.

Friðrik var í 5 ár formaður Samtaka garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga (SAMGUS) og hefur átt sæti í fjölda starfshópa er varða skrudgarðyrkjufermi og



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti Friðrik verðlaunin sem veitt eru ár hvert til einstaklinga sem skarað hafa fram úr á sviði garðyrkju að mati atvinnulífs garðyrkunnar og Garðyrkuskólans

fleira tengt garðyrkju og ræktun. Hann hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir sín störf á löngum ferli.

Í frítíma sínum hefur Friðrik tekið saman heildaryfirlit yfir þær tegundir trjáa og runna sem hafa verið ræktaðar á Íslandi í gagnagrunninum Berki og er hann uppfærður árlega með upplýsingum um það hvar viðkomandi plöntur eru til sölu. Sambærilegt rit um fjölærar plöntur hefur einnig

litið dagsins ljós. Í gegnum tíðina hefur Friðrik komið að kennslu á skrudgarðyrkjubraut Garðyrkuskólans og námskeiðum og fjöldi nemenda hefur einnig verið í verknámi undir hans handleiðslu.

Kópavogsbær er stoltur af því að hafa Friðrik í röðum starfsfólks en hann hefur sannarlega lagt sitt af mörkum til að gera bæinn okkar fallegan og gróðursælan.

Sporið sýndi þjóðdansa á síðasta opna húsi vetrarins

Síðasta opna hús vetrarins var haldið í í Gullsmára 21. apríl sl. og það var margt á dagskrá.

Helgi Ágústsson, formaður ferðanefndar, sagði frá væntanlegum ferðum í sumar og haust. Í sumar verður farið í tvær uttanlandsferðir og fimm ferðir innanlands á vegum félagsins. Hér er hægt að skoða ferðaáætlun og skrá sig í ferðir: <https://febki.is/ferdalag/>

Baldur Þór Baldvinsson sagði frá reynslu af laugardagsopnunum í vetur. Vonandi sér Kópavogsbær sér fært að taka um þráðinn í haust enda reynslan af opnum húsum á laugardögum mjög góð.

Bjarni Hall spilaði og söng og salurinn tók vel undir.

Danshópurinn Sporið kom og sýndi okkur þjóðdansa. Danshópurinn var stofnaður



fyrir 29 árum að Hvanneyri og eru allir stofnfélagar enn í hópnum. Frábær skemmtun. Flottur hópur.

Skemmtinefnd FEBK og Arnór sáu um kaffið, tertu og vöffur. Allt að betri sortinni. Góður dagur og allir fóru glaðir heim.



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfván
898 5765



Ólöf
898 3075



Kristín
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Fermingar 2025 í Lindakirkju

Messa og kynningarfundur sunnudaginn 5. maí kl 20.

Skráning á heimasíðu Lindakirkju í kjölfarið.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Krambúðin



OFTAR EN EKKI
SÓL Í HJARTA



KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.

Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,

Sími: 697 4020. Vefsíða: www.kgp.is Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.

Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst út 9. maí

Síðasti skiladagur er föstudaginn 3. maí

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstisins, www.kgp.is

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram



Vel heppnuð

Barnamenningarhátíð í Kópavogi

Mikið var um dýrðir síðastliðinn laugardag þegar Kópavogsbær fagnaði barnmenningu með fjörugum viðburðum við menningarmiðjuna.

Mögnuð tónlistarveisla í Salnum þegar rjóminn af barnakórum Kópavogs kom fram við mikinn fögnuð viðstaddra. Skólahljómsveit Kópavogs flutti sumarlega dagskrá og Salka okkar Sól söng með þeim en hún var einmitt meðlimur í sveitinni á skólaárum sínum hér í Kópavogi.

„Listfengi barnanna var til sýnis í Bókasafninu en þar sýna í kringum fjögur hundruð nemendur úr fjórðu bekkjum grunnskóla Kópavogs textaverk og teikningar, en við hvetjum alla til þess að kíkja við því að sýningin mun standa út næstu viku. Verkin gerðu börnin að loknum skólaheimsóknunum á bókasafnið í mars en þar tók Bergrún Íris Sævarsdóttir, rithöfundur og teiknari á móti fjórðu bekkjum í Kópavogi og ræddi við þau um sköpunarferlið og mikilvægi vináttunnar. Í framhaldi veltu börnin fyrir sér gildi vináttunnar en afkrasturinn má sjá á fyrrnefndri sýningu,” segir Vigdís Másdóttir, kynningar- og markaðsstjóri menningarmála í Kópavogi.

Gerðarsafn bauð upp á Geimveruslamm með Styrmi Erni Guðmundssyni og Agötu Mickiewicz en þau höfðu áður unnið með nemendum í Kársnesskóla að brúðuskúlpúrum og vídeóverki, hvoru tveggja var til sýnis. Örn Alexander Ámundason hélt ungum sem öldnum úti í sólinni



og leiðbeindi áhugasömum hvernig hægt er að nýta mold til þess að mála.

legir að nýta útsvæðið og þétt setið við Króníkuna sem að vanda bauð upp á ljúffenga rétti og svala drykki.

Útísvæðið var vel nýtt enda ærslabelgurinn komin í fulla notkun og gestir dug-

Myndirnar tók Leifur Wilberg Orrason



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

síðan 1996

ALÚÐ
VIRÐING
TRAUST
REYNLSA

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta

S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

utforin.is

REYKJAVÍK | KÓPAVOGI | GARÐABÆ | HAFNARFIRÐI | LANDSBYGGÐINN



Frí Tjónaskoðun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi

www.bilasprautun.is

554 2510



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)
[Twitter.com/Kopavogspostur](https://www.twitter.com/Kopavogspostur)
[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)



Vatnsendahvarf er nýtt hverfi í Kópavogi



Opnað hefur verið fyrir umsóknir um lóðir í fyrsta áfanga úthlutunar í Vatnsendahvarfi. Í þessum áfanga verður úthlutað sex lóðum fyrir fjölbýlishús.

Vatnsendahvarf er nýtt hverfi í Kópavogi þar sem gert er ráð fyrir um 500 íbúðum í fjölbýli og sérbýli sem falla vel að nærliggjandi byggð. Lögð er áhersla á sjálfbæra og umhverfisvæna byggð og góðar samgöngutengingar fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur. Gróður og náttúra fléttast inn í opin svæði.

Miðsvæðis í hverfinu er leikskóli og grunnskóli fyrir 1. til 4. bekk. Góð þjónusta er í nærumhverfi þar sem eru skólar, verslun og þjónusta. Þá eru margvíslegir möguleikar til íþróttaiðkunar og útivistar í næsta nágrenni. Frá Vatnsendahvarfi er einstakt útsýni yfir höfuðborgarsvæðið.



Nánari upplýsingar



Kópavogsbær

Samkór Kópavogs með sína árlegu vortónleika 12. maí

- Nýr söngstjóri kórsins er Lenka Mátéová

Sunnudaginn 12. maí n.k. ætlar Samkórinn að syngja inn sumarið á tónleikum í Digraneskirkju kl. 17:00

Um síðustu áramót var Lenka Mátéová ráðin söngstjóri kórsins þegar Friðrik S. Kristinsson lét af störfum eftir tíu farsæl ár með kórnum. Um leið og við þökkum honum frábæra samfylgd bjóðum við Lenku innilega velkomna til starfa. Lenka er fædd í Tékkóslóvakíu og hlaut þar sína tónlistarmenntun. Hún flutti til Íslands ásamt eiginmanni sínum árið 1990. Hún hefur víða komið við í íslensku tónlistarlífi, m.a. verið meðleikari hjá mörgum kórnum sem og komið fram sem einleikri. Um árabíl hefur Lenka verið kantór og kórstjóri við Kópavogskirkju.

Það er Samkórnum mikill heiður að fá Lenku til starfa og væntir kórinn mikils af samstarfinu og hlakkar til framtíðarinnar.



Lenka Mátéová er nýr söngstjóri Samkórs Kópavogs



Samkór Kópavogs á æfingu sl. mánudagskvöld

Efnisskrá tónleikanna er létt, falleg og skemmtileg og er yfirskrifin „Hugur flýr heim“. Flutt verða þekkt og vinsæl lög úr ýmsum áttum um hið ljúfa líf, vorið, ástina og ættjörðina.

Einvala lið listamanna kemur fram með kórnum

Einsöngvari er Sara Gríms. Sara er vel menntuð og fjölhæf söngkona, og er jafnvíg bæði í klassískri- og dægurlagatónlist. Einnig hefur hún sungið inná geisladiska ásamt mörgum öðrum fjölbreytilegum verkefnum.

Píanóleikari er Gunnar Gunnarsson. Gunnar hefur komið víða við og getið sér gott orð fyrir sinn einstaka tónlistar-

flutning. Auk hljóðfæraleiks er hann landsþekkur fyrir útsetningar sínar á tónlist fyrir kóra og sönghópa.

Grímur Sigurðsson leikur á bassa. Hann hefur einnig komið víða við og spilað og sungið í ýmsum hljómsveitum og uppákomum í gegnum árin.

Saga Samkórs Kópavogs er löng og skemmtileg en kórinn var stofnaður árið 1966 og eru því aðeins tvö ár þar til hann fagnar 60 ára afmæli sínu. Kórinn varð strax drifjörður í tónlistarlífi bæjarins og hafa margir bæjarbúar sungið með kórnum í gegnum tíðina. Félagar hans eru nú um 50 talsins. Starfið er sem fyrr öflugt og skemmtilegt og er nýtt gott söngfólk alltaf

velkomið að bætast í hópinn. Núverandi formaður kórsins er Sigríður V. Finnsdóttir.

Nánari upplýsingar um kórinn má finna á heimasíðu, www.samkor.is.

Samkórinn lofar góðum tónleikum og bjóðum við alla innilega velkomna til að njóta stundarinnar í Digraneskirkju þann 12. maí. Miðaverð er kr. 3.500 og eru seldir hjá kórfélögum, við innganginn og einnig er hægt að panta miða á netfang: samkor@samkor.is. Frítt er fyrir 12 ára og yngri.

Sjáumst í sumarskapi. Gleðilegt sumar.

Birna Birgisdóttir
Tónleika- og markaðsnefnd kórsins



Einsöngvari á tónleikunum er Sara Gríms, en hún er vel menntuð og fjölhæf söngkona og er jafnvíg bæði í klassískri- og dægurlagatónlist.

KANÓNA ÍSLENSKRA GLÆPASAGNA

HVERJAR ERU UPPÁHALDS GLÆPASÖGUR KÓPAVOGSBÚA?



TAKTU ÞÁTT HÉR!

MEKÓ

Bókasafn
Kópavogs



Bókaðu tíma á netinu



Það er allt í Skeifunni... ... líka Nesdekk!

Nesdekk býður nú þjónustu sína á sjö stöðum á landinu. Í Nesdekk færðu dekkjaskipti og ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.



Bókaðu tíma og skoðaðu
dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Mitt leiðarljós í stjórnámálum hefur verið að láta gott af mér leiða, efla hagsmuni og réttindi fólks

- segir Sólveig Pétursdóttir, fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og núverandi formaður Eddu, félags sjálfstæðiskvanna sem fagnaði 70 ára afmæli í síðustu viku

Sólveig Pétursdóttir, fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og forseti Alþingis tók á dögnum við formennsku Eddu, félags sjálfstæðiskvanna í Kópavogi, en félagið fagnaði í síðustu viku 70 ára afmæli.

Sólveig settist á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavíkurborgardæmi árið 1991 og sat á Alþingi til ársins 2007. Hún er búsett í Kópavogi og Kópavogspósturinn byrjaði á að spyrja hana hvernig það hafi komið til að hún flutti í Kópavog? „Ég flutti í Kópavogin eftir að eiginmaður minn lést. Þetta er gott bæjarfélag og vel stjórnað. Eg bý í Lundu og á marga vini og ættmenni sitthvoru megin við lækinn,” segir hún. „Ég hafði kynnst Ásdís Kristjánsdóttur og var mjög ánægð þegar hún tók við sem bæjarstjóri hér enda hefur hún staðið sig vel. Mér var vel tekið í flokksstarfi Sjálfstæðisflokksins hér og sat á lista flokksins í síðustu bæjarstjórnarkosningum. Eitt leiddi af öðru og nú er eg formaður Eddunnar. Ég vil leggja áherslu á það að í okkar flokksstarfi er mikið af góðu fólki sem vinnur vel fyrir hagsmuni bæjarbúa.”

Þú sást á Alþingi í 16 ár. Hvernig var þessi tíma þegar þú lítur til baka og finnst þér pólitíkin hafa breyst mikið frá tíma þínum á Alþingi? „Þess má geta að ég hóf pólitískan feril minn í borgarmálum og fannst það góður un-



Sólveig ásamt Ásdís Kristjánsdóttur, bærstjóra í Kópavogi, Bjarna Benediktssyni, forsætisráðherra og Kolbrúnu Kolbrúnu R. Gylfadóttur utanríkisráðherra í 70 ára afmæli Eddu, félagi sjálfstæðiskvanna í Kópavogi í síðustu viku

dirbúningur fyrir landsmálapólitíkina. Ég varð síðan 1. varaþingmaður fyrir Reykjavíkurborgardæmi 1987 og sat mikið inn á þingi sem slíkur. Stjórnmaðlaferillinn er því orðinn nokkuð langur,” segir hún. „Ég hef alltaf trúað því að sjálfstæðisstefnan sé sú besta fyrir okkar land og þjóð og ég hef verið svo heppin að vera treyst fyrir trúnaðarstörfum í því sambandi,” segir hún og heldur áfram: „Eg fékk enn fremur tækifæri til þess að vera forseti Alþingis og fannst það gefandi starf. Eg hef kynnst mörgu góðu fólki úr öllum flokkum og við höfum átt gott samstarf. Það var auðvitað mjög lærdómsríkt að vera dóms- og

kirkjumálaráðherra og stundum þurfti að taka erfiðar ákvarðanir. En mitt leiðarljós í stjórnámálum hefur auðvitað alltaf verið að láta gott af mér leiða, efla hagsmuni og réttindi fólks.”

Markmiðið að efla konur til þátttöku í stjórnámálum og stjórnálaumræðu innan Sjálfstæðisflokksins

Þú er nýtekin við sem formaður Eddu, félags sjálfstæðiskvanna í Kópavogi og það voru stór tímamót í síðustu viku þegar félagið fagnaði 70 ára afmæli. Hvernig félagsskapur er þetta og fyrir

hvað stendur hann? „Edda er félag sjálfstæðiskvanna sem búa í Kópavogi og markmið þess er að efla konur til þátttöku í stjórnámálum og stjórnálaumræðu innan Sjálfstæðisflokksins. Eddukonur hafa komið að mörgum góðum málum á þessum 70 árum m.a. með öflugum starfi í þágu aldraðra og fyrir það ber að þakka. Við teljum mikilvægt að efla starfsemi þessa gamalgróna félags. Kvenfélög á tímum jafnréttis vekja auðvitað spurningar, en þau hafa sannað gildi sitt í gegnum tíðina. Okkar félög starfa síðan undir hatti Landssambands sjálfstæðiskvanna sem hefur markvisst haft áhrif á framgang kvanna innan Sjálfstæðisflokksins eins og sést best á okkar glæsilegu forystukonum. Það hefur samt tekið of langan tíma, en við höfum heldur ekki stuðst við kvóta eða fléttulista eins og allir aðrir flokkar! Heldur þvert í móti farið í gegnum oft vandasöm prófkjör.”

Biðjum fólk að styðja Mæðrastyksnefnd Kópavogs

„Ég er sjálf alin upp undir kjöröðinu stétt með stétt og finnst mikilvægt að halda það í heiðri. Það eru margir í okkar þjóðfélagi sem þurfa á aðstoð að halda. Þess vegna finnst mér vel við hæfi að minnst þess góða starfs sem Mæðrastyksnefnd Kópavogs stendur fyrir og tengja það 70 ára afmæli Eddu. Um leið og við þökkum öllum þeim Eddukonum fyrir þeirra merka



Í kosningabaráttul Sólveig ásamt Ásdís í Smáralind fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2022

starf í gegnum tíðina þá biðjum við í stjórn félagsins fólk um að styðja Mæðrastyksnefnd Kópavogs með ráðum og dád t.d. með því að leggja framlag inn á reikning þeirra þann 24. apríl n.k., en þá ætlum við að halda upp á afmælið á milli kl. 17-19 í Hlíðarsmára 19.”

Er svo formaður Eddu kominn með einhverja skiplagða dagskrá á næstu vikum? „Það eru auðvitað mörg málín sem við fjöllum um í stjórnámalum, en við stöndum líka fyrir skemmtilegu félagsstarfi. Þannig er Landssamband sjálfstæðiskvanna árlega með vinsælt og fjölmennt golfmót. Það eru ýmsar góðar leiðir til þess að efla tengslanetið og við munum reyna að sameina þetta allt í starfi Eddunnar. Ég sé fyrir mér fundi um mikilvæg mál í Kópavogi t.d. á sviði löggæslu og skólamála. Það er af mörgu er að taka,” segir hún að lokum

Samkór Kópavogs

Hugur flýr heim

Digraneskirkju

sunnudaginn 12. maí kl. 17.00

Stjórnandi: Lenka Mátéová

Einsöngur: Sara Grims

Píanóleikari: Gunnar Gunnarsson

Bassaleikari: Grimur Sigurðsson



Miðaverð 3.500 kr.
Frítt fyrir börn yngri en 12 ára

Kate Stillwell ráðin vallastjóri GKG



Komin í GKG fjölskylduna! F.v. Guðmundur Árni, Kate og Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri GKG

Kate Stillwell hefur verið ráðin vallarstjóri GKG. Kate hefur viðtæka reynslu í umsjón og uppbyggingu golfvalla. Nú síðustu árin hefur hún unnið að byggingu 18 holu golfvallar í London, The Inspiration Club.

Samhliða starfi sínu sem vallarstjóri hefur hún unnið við að undirbúa fjölmarga golfvelli út um allan heim undir stórmót í golfi eins og t.d. Ladies European Tour í Marocco 2019, The French Open - Ryder Cup í París, Irish Open í K Club, Turkish Open árin 2015 til 2018, India Hero Open í Delí árin 2015 til 2019, PMW PGA championship í Wentworth 2014 til 2016.

Það má segja að Kate hafi grasvallarfræðin í genum því faðir hennar, Richard Stillwell, var aðalgrasvallarsérfræðingur Evróputúrnsins í 34 ár samfleytt. Þá eru báðir bræður Kate vallarstjórar.

„Ráðning Kate er liður í þeirri vegferð okkar að fjölga menntuðum grasvallarsérfræðingum í klúbbum, Guðmundur Árni Gunnarsson verður eftir ráðningu Kate sviðsstjóri Vallarsviðs. Þá hefur Viktor Frey Sigurðsson tekið við stöðu aðstoðarvallarstjóra en hann mun hefja nám í grasvallarfræðum við Elmwood skólann í Skotlandi næsta haust,” segir Úlfar Jónsson þjónustustjóri GKG.

Facebook.com/Kopavogsposturinn
Twitter.com/Kopavogspostur
Instagram.com/Kopavogsposturinn

SUMMAR 2024



Námskeið	Tímabil	Verð
Blakskóli f. 2013-2017	5 námskeið júní og ágúst kl. 09:00-12:00	5 dagar kr. 8.500 4 dagar kr. 6.800
Borðtennisskóli f. 2014-2017	4 námskeið júní og ágúst kl. 13:00-16:00	5 dagar kr. 8.500 4 dagar kr. 6.800
Fjölgreinanámskeið f. 2015-2018	2 námskeið ágúst kl. 09:00-16:00	5 dagar kr. 21.000 4 dagar kr. 16.600
Handboltaskóli f. 2014-2017	5 námskeið júní og ágúst kl. 09:00-12:00	5 dagar kr. 8.500 4 dagar kr. 6.800
Knattspyrnuskóli f. 2014-2017	6 námskeið júní, júlí og ágúst kl. 09:00-12:00	5 dagar kr. 8.500 4 dagar kr. 6.800

SKANNAÐU KÓÐANN FYRIR
FREKARI UPPLÝSINGAR EÐA
HAFÐU SAMBAND Í GEGNUM
ARNOR@HK.IS



Fullt út úr dyrum er Edda fagnaði 70 ára afmæli

Fullt var út úr dyrum í félagsheimili Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi að Hlíðasmára sl. miðvikudag er Edda, félag sjálfstæðiskvenna í Kópavogi hélt upp á 70 ára afmæli sitt.

Sólveig Pétursdóttir, formaður Eddu, opnaði viðburðinn og heiðursgestirnir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins og utanríkisráðherra, og Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs og oddviti flokksins í Kópavogi, fluttu erindi.

Þá vill Edda minna á fjáröflun fyrir Mæðrastyrksnefnd Kópavogs, nánari upplýsingar á www.maedro.is.

Elisabet Sveinsdóttir, Andrei Steinn Hilmarsson, Ásdís Kristjánsdóttir og Hjördís Ýr Johnson létu sig ekki vanta




Sólveig Pétursdóttir, formaður Eddu, opnaði viðburðinn og heiðursgesturinn Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra hélt létt ávarp



Bæjarmolar

Karlar í meirihluta í Kópavogi

Samkvæmt Þjóðskrá sl. laugardag þá voru íbúar í Kópavogi orðnir 40.893 og ef þeim fjölda er kynjaskipt þá eru 20.909 karlar, eða 51,1% og 19.976 konur, eða 48,8% búsettir í Kópavogi. Kynsegin og annað fólk eru samtals 8, eða 0,02% af íbúafjölda Kópavogs.



Elsti Kópavogsbúinn 102 ára

Elsti Kópavogsbúinn er 102 ára, en alls er fimm konur búsettir í Kópavogi orðnar 100 ára og eldri og tveir karlar. Á aldrinum 95-99 ára þá eru konurnar 35, en karlamir 13.

Flestar konur búsettir í Kópavogi eru á aldrinum 25 til 29 ára, en þær eru samtals 1.399. Konur á aldrinum 30-34 ára fylgja skammt á eftir, en þær eru 1.395.

Flestir karlar búsettir í Kópavogi eru á aldrinum 30 til 34 ára, en þeir eru samtals 1.719 og næst flestir eru í aldurhópnum 40-44 ára eða 1.586.

Þá er yngsti aldurshópurinn, 0-4 ára samtals 2450, af honum eru drengir 1.271 og stúlkur 1.179

Hvað varðar Kynsegin/Annað þá eru 15-19 ára: 1, 20-24 ára: 2, 30-34 ára: 4, 40-44 ára: 1,

Meðalaldur Kópavogsbúa er 38,8 ár.



SKRÁNING ER HAFIN Á VINSÆLU GOLFLEIKJANÁMSKEIÐ GKG

Haldin eru 2 námskeið á dag í 7 vikur, fyrir hádegi milli 09:00-12:00 og eftir hádegi kl 13:00-16:00.

Dagsetningar:

- Námskeið 1: 10. júní – 14. júní
- Námskeið 2: 18. júní - 21. júní (fjórir dagar)
- Námskeið 3: 01. júlí - 05. júlí
- Námskeið 4: 15. júlí - 19. júlí
- Námskeið 5: 22. júlí - 26. júlí
- Námskeið 6: 6. ágúst – 9. ágúst (fjórir dagar)
- Námskeið 7: 12. ágúst – 15. ágúst (fjórir dagar)

Verð:

- 5 daga: 16.100 kr.
- 4 daga: 12.880 kr.



ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.GKG.IS

Ársfundur 2023



Ársfundur Brúar lífeyrissjóðs verður haldinn
mánudaginn 8. maí kl. 14 í húsakynnum
sjóðsins að Sigtúni 42, Reykjavík.

Allir sjóðfélagar sem og fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarféлага eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2022
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingatefna sjóðsins kynnt
5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna
6. Kynning á breytingum á samþykktum sjóðsins
7. Önnur mál

Hér má finna frekari
gögn á heimasíðu
sjóðsins



Um 160 konur mættu þrúðbúnar til leiks í kvennatöltið

Kvennatölt Sprettis og Mercedes Benz var haldið laugardaginn 13. apríl í Samskipahöllinni í Kópavogi.

Viðburður sem hefur fest sig í sessi hjá konum á öllum aldri

Um 160 konur mættu þrúðbúnar til leiks og keppt var í fimm flokkum. Viðburðurinn hefur fest sig í sessi hjá konum á öllum aldri sem koma víðsvegar að af landinu. Að vanda var mótið hið glæsilegasta, keppendur voru til fyrirmyndar og gleðin við völd innan vallar sem utan.

Viðburður sem þessi krefst mikillar skipulagningar, sjálfbóðaliða sem vilja leggja sitt af mörkum og fyrirtæki sem styrkja viðburðinn eða veita vegleg verðlaun.

Kvennatöltsnefnd Sprettis vill þakka öllum sem lögðu hönd á plóg kærlega fyrir sitt framlag. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá viðburðinum sem Einar Valur Einarsón tók fyrir Hestamannafélagið Sprett.



Pálína Margrét og Ásdís

Pórunn og Gígja

Eydís Ósk og Heiða



Í stjórn kvennatöltsins eru þær Anna, Jónína, Oddný, Ásgerður formaður, Matthildur, Auður og á myndina vantar Elvu



Í úrslitum á T3, B-úrslit eru þær f.v. Sigurbjörg Jónsdóttir og Alsæll, Erla Katrín og Harpa, Oddný og Gígja, Erna og Leiknir og Hrafnhildur og Loki



Auður Stefánsdóttir

SKÓLAGARÐAR Kópavogs á þremur stöðum sumar



SETJUM NIÐUR, SÁUM, RÆKTUM OG UPPSKERUM

Skólagarðarnir í Kópavogi eru fyrir börn á aldrinum 6 til 13 ára. Garðarnir verða á Dalvegi, í Guðmundarlundi og við Víðigrund. Verið hjartanlega velkomin.

Skráning er á sumar.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is




TE & KAFFI

Erna hefur verið fastagestur
frá fyrsta degi eða í 40 ár!
Hún er partur af stórfjölskyldunni.



ÞÉR ER BOÐIÐ Í **40** ÁRA
afmæliscaffi

Te & Kaffi fjölskyldan fagnar 40 ára
stórafmæli! Við bjóðum öllum frían
afmælisbolla. Skannaðu kóðann
eða náðu í þinn bolla á teogkaffi.is



Gildir til 1. júní

Mögnuð Laufey Björk!

Formaður blakdeildar HK, Laufey Björk, var að ljúka sínu 25 keppnistímabili í blaki og hún er hvergi hætt

Laufey Björk Sigmundsdóttir var að ljúka 25. tímabilinu sínu í meistaraflokki í blaki á Íslandi.

Laufey Björk hefur spilað með HK í 19 ár og verið mjög stór partur af blakdeildinni, innan sem utan vallar og er hvergi nærri hætt. Laufey Björk hefur jafnframt spilað 34 landsleiki í blaki.

Laufey spilar ekki bara með meistaraflokki HK heldur er hún líka formaður blakdeildar HK og er sannur félagsmaður.

Liðsfélagar Laufeyjar heiðruðu hana með köku og blómum eftir æfingu sl. mánudag.

Laufey fékk köku og blómvönd frá liðsfélögnum



Sigurður Arnar GKG

Landsmótsmeistari í golfhermum annað árið í röð

Sigurður Arnar Garðarsson, GKG, eru Landsmótsmeistarar í golfhermum 2024. Þetta er þriðja sinn sem keppt er um Landsmótsmeistaratitilinn en Sigurður Arnar varði titilinn frá því í fyrra.

Úrslitin fóru fram sl. sunnudag í íþróttamiðstöð GKG og var sýnt beint frá mótinu á Sportstöð hjá Sýn.

Í þessu móti var leikið á Korpúlfsstaðavelli – (Sjórin/Áin) sem er þar 72 en leiknar voru 36 holur í úrslitunum þar sem að samtals 16 keppendur tóku þátt, 8 konur og 8 karlar.

Sigurður Arnar sigraði með fimm högga mun en hann lék á 16 höggum undir pari vallar, (63-63) og tryggði sér um leið 130 þúsund, sem var verðlaunafé fyrir fyrsta sæti.

Landsmótið í golfhermum hefur notið vinsælda hjá kylfingum víðsvegar um landið. Leikinn er högguleikur án forgjafar í karla- og kvennaflokki. Tvær undankeppnir fóru fram í vetur.



Þrír efstu! Frá vinstri: Ólafur Marel Árnason, Sigurður Arnar Garðarsson og Daniel Ísak Steinarsson. Mynd/GKG

Hægt var að taka þátt í undankeppnum hvar sem eru TrackMan golfhermar, með þeim möguleika að þúttu. Stillingar mótsins tryggðu að vallaraðstæður voru eins hvar sem leikið var.

Félagsmenn HK duglegir að plokka

Stóri plokkgdagurinn var haldinn sl. sunnudag í sjöunda sinn og sást víða til fólks á ferð í Kópavogi og sérstaklega í HK hverfinu með þar til gerðar græjur og poka að tína upp alls kona rusl.

Sjálfboðaliðadagur HK var haldinn í Kórnum sl. sunnudag og þar sem Stóri plokkgdagurinn var sama dag þá létu félagsmenn til sín taka því tölverður fjöldi duglegra iðkenda, foreldra og fólks úr hverfinu fjölmennti í Kórinn til að grípa viðeigandi græju og láta hendur standa fram úr ermum.

Eftir að plokkinu lauk var félagsmönnum boðið upp á hádegismat í Kórnum því matarvagnar mættu á svæðið. Virkilega gert hjá félagsmönnum HK og nú er félagshúsið og umhverfið í kringum Kórinn orðið fallegt fyrir sumarið.

Það er athafnamaðurinn Einar Bárðarson er upphafsmaðurinn af Stóra plokkgdegnum og í ár fékk hann Rótaryhreyfinguna á Íslandi með sér í lið til að skipuleggja daginn, en Einar er sjálfur Rotary-félagi.



Axel, Valdis, Mikael og Íris Helga



Handboltavinkonurnar Raket, Fjola og Hekla



Hulda Clara sigraði sitt fyrsta háskólamót

Hulda Clara Gestsdóttir gerði sér lítið fyrir og sigraði sitt fyrsta háskólamót á Summit League Women's Champion mótinu, sem fram fór dagana 21.-23. apríl, en Hulda Clara sem keppir fyrir GKG er á háskólastyrk hjá Denver háskólaliðinu.

Hulda lék hringina þrjá á 210 höggum, sex undir pari vallarins og sigraði með einu höggi. Hulda átti frábæran lokahring og fór hann á 66 höggum. Fyrsta hringinn fór hún á 70 höggum og annan á 74. Leikið var á Firekeeper Golf Course í Mayetta, KS í Bandaríkjunum en völlurinn er 72 para völlur og 6190 jardar.

Þess á geta að Hulda Clara sló draumahöggjð á PING/ASU háskólamótinu sem fram fór á Papago völlum í Phoenix í Bandaríkjunum á dögunum.

Hulda Clara fagnði Íslandmeistaratitilinum síðast árið 2021 með GKG og hún mun sjálfsagt fera tilkall til hans í ár enda stúlkan í góðu formi.



Hulda Clara sigraði sitt fyrsta háskólamót í vikunni og í mars sl. fór hún holi í höggi á Papago völlum í Phoenix

eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2023
Eignaumsjón
2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Vísindalæsið Keldan

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



Vorhreinsun í Kópavogi



Vorhreinsun í Kópavogi stendur yfir dagana 30. apríl til 19. maí

Settir verða upp opnir gámar fyrir garðaúrgang á fimm stöðum í bænum sem íbúar geta nýtt sér á meðan hreinsun stendur yfir.

Gámarnir verða á eftirtöldum stöðum:

Kársnes – við Vesturvör 14

Digranes – við íþróttahúsið Digranesi

Smára- og Lindahverfi – neðst á Glaðheimasvæðinu, Álalind 2

Sala- og Kórahverfi – við við Salalaug

Þinga- og Hvarfahverfi – á bílastæði við Vallakór 8

Gámarnir eru einungis fyrir garðaúrgang og óheimilt að setja annað í gámana.

Hreinsum bæinn saman!



Kópavogsbær

kopavogur.is

MEKÓ

DAGSKRÁ MAÍ 2024

Bókasafn
Kópavogs

Taktu frá 11. maí

Komdu í könnunarleiðangur um heima og geima

Glæný sýning í Náttúrufræðistofu og spennandi nýjungar í barnadeild bókasafnsins

Náttúrufræðistofa
Kópavogs

Bókasafn Kópavogs

Salurinn

Gerðarsafn

2/5 15:00 Lesið á milli línanna Bóklúbbur	3/5 20:00 Ég man þá tíð Örn Árnason og Jónas Þórir	Opið daglega kl. 12-18 GERÐUR Grunnsýning
4/5 13:00-15:00 Útisvæði MEKÓ Dr. Bæk í Kópavogi Komdu með hjólið í ástandsskoðun	4/5 14:00 & 16:00 & 18:00 Herra Hnetusmjör Fjölskyldutónleikar	13/4-21/7 Hjartadrottning Sóley Ragnarsdóttir
8/5 16:00 Bókmenntaklúbburinn Hananú Seinasti fundur fyrir sumarfrí	5/5 12:00 & 14:00 & 16:00 & 18:00 Herra Hnetusmjör Fjölskyldutónleikar	13/4-28/7 Tölur, staðir Þór Vigfússon
15/5 16:30 Rabbað um erfðamál Elísabet Pétursdóttir lögmaður	8/5 12:15 Kársnes Úr ræktarlandi í nútímabyggð Anna María Bogadóttir arkitekt	12/5 Leiðsögn um Tölur, staðir Jón Proppé
16/5 17:00 Umhirða ávaxtatréja Steinn Kárason	12/5 13:30 Kvintettinn Kalais Aðgangur ókeypis	18/5 Leiðsögn á pólsku Joana Palowska
22/5 12:15 Leslyndi Eftirlætisbækur Lilja Sigurðardóttir rithöfundur	24/5 20:00 Hildur Söngvaskáld	31/5 List og náttúra Ráðstefna á vegum Gerðarsafns í Salnum í Kópavogi
23/5 17:00 Sagnaganga: Fantasiur og hrollvekjur Emil Hjörvar Petersen Gangan hefst við Víghól í Kópavogi	25/5 14:00 & 16:00 Herra Hnetusmjör Fjölskyldutónleikar	Alla fimmtudaga kl. 10 Foreldramorgnar í Gerðarsafni Notaleg samverustund
27/5-1/6 Plöntuskiptimarkaður Komdu með plöntur og fáðu nýjar í staðinn	30/5 20:00 Davíðsson Þorleifur Gaukur Davíðsson, Davíð Þór Jónsson og Skúli Sverrisson	